

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

31. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar haldinn að Breiðabliki 11. nóvember 2014 og hófst kl. 21:00.

Mætt voru:

Atli Sveinn Svansson, Jón Oddsson, Gunnar Guðbjartsson, Sif Matthíasdóttir, Guðrún Karólína Reynisdóttir, Hilmar Hallvarðsson og Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi sem einnig ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Erindi dags. 06.11.2014 frá Áslaugu Sigvaldadóttur, Syðra Lágafelli f.h. fyrirtækisins Hjá góðu fólki ehf 4512130320.
Sótt er um byggingarleyfi fyrir 73,9 m² / 356,7 m³ kaffihúsi á reiti B á lóð Ræktunarstöðvarinnar Lágafelli. Sökkla og botnplata verða staðsteypt, burðarvirki hússins verður timbur, húsið verður klætt með standandi borðaklæðningu, þak verður klætt bárustáli. Með erindinu fylgja teikningar frá Erni Þór Halldórssyni hjá Random-Ark ehf, dags. 31.10.2014.
Í gildi er deiliskipulag fyrir lóðina dagssett í júní 2003 sem samþykkt var í B-deild stjórnartíðinda 19. febrúar 2004 (auglýsing nr. 185/2004).
Samþykkt með fyrirvara um leiðréttar teikningar.
2. Erindi dags. 28.10.2014 frá Gísla G. Gunnarssyni Teiknistofunni Kvarða, Hringbraut 17, 220 Hafnarfirði, f.h. Þóru Vigdísar Guðmundsdóttur kt. 18.10.56-4369.
Sótt er um byggingarleyfi fyrir stækkun á áður samþykktu húsi að Stórákróki 9 í landi Miðhrauns 2 í Eyja- og Miklaholtshreppi.
Helstu breytingar eru að nýtt anddyri er byggt við húsið, geymsla stækkuð og bætt við þvottaherbergi, gluggar á suðurhlið breytast lítilsháttar. Jafnframt er sótt um leyfi til að breyta frístundarhúsi í íbúðarhús. Stækkun samtals 12,6 m². Með erindinu fylgdu teikningar frá Gísla G. Gunnarssyni Teiknistofunni Kvarða dags. 05.07.2010, breytt dags. 17.09.2014.
Samþykkt.
3. Erindi frá eigendum Lynghaga í Eyja- og Miklaholtshreppi og fyrirhugaðrar hitaveitu milli Lynghaga og Miðhrauns í Eyja- og Miklaholtshreppi. Óskað er eftir breytingu á áður samþykktum byggingarnefndarteikningum fyrir dæluhús fyrir hitaveituna við Lynghaga.
Með erindinu fylgja teikningar frá Verkfræðistofu Hauks Ásgeirssonar, Brautarholti 10-14, 105 Reykjavík.
Um er að ræða hitaveituskúr 3,4 x 4,9 m² að flatarmáli, vegghæð 2,64m, þakhæð 1,66m, mænishæð frá gólfplötu er 4,3 m.
Sökkull, botnplata og hluti veggja er steinsteyp. Stálgrind klædd bárulklaðningu. Burðarvirki þaks er stál, klætt bárustáli.

Skipulags- og byggingarnefnd hefur á fundi sínum þann 28.07.2014 samþykkt leyfi fyrir dæluhúsi við Lynghaga, eftirfarandi var bókun nefndarinnar;

„Erindi frá Félagsbúinu Miðhrauni 2.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

Sótt er um leyfi fyrir 16,7 m² dæluhúsi vegna hitaveituf framkvæmda, sem staðsett verður í landi Lynghaga, norðan Snæfellsnesvegur, 54-07 í stöð 310 samkvæmt meðfylgjandi teikningu. Vegagerð ríkisins hefur heimilað staðsetninguna fyrir sitt leyti. Samþykkt.“

Vegagerðin hefur með tölvupósti þann 24.10.2014 frá Magnúsi Val Jóhannssyni umdæmisstjóra Vegagerðarinnar á Vesturlandi, samþykkt breytingu á dæluhúsinu fyrir sitt leyti.

Samþykkt að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að afla upplýsinga um landamerki Lynghaga. Afgreiðslu málsins frestað.

4. Erindi dags. 24.09.2014 frá Þórði Runólfssyni, Syðra Lágafelli, Eyja- og Miklaholtshreppi. Með erindinu spyrst Þórður fyrir um nokkur mál er varðar leyfisveitingu vegna dæluhúrs fyrir hitaveitu í landi Lynghaga.
Lagt fram til kynningar ásamt svörum skipulags- og byggingarfulltrúa við erindinu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 21:52